Æfingabók í

# NÚTÍMA BRIDGE

# SVEITAKEPPNI

## 64 spila leikur

Guðmundur Páll Arnarson

# Æfingabók í
# **NÚTÍMA BRIDGE**

# SVEITAKEPPNI
## 64 spila leikur

Guðmundur Páll Arnarson

# FORMÁLI

Í þessari bók eru útskýringar á 64 spilum, þar sem tekið er á sögnum, spilamennsku sagnhafa og vörn. Skýringar eru miðaðar við það *Standard*-kerfi sem útlistað var í ritinu *Nútíma Bridge* (1999) og varnarreglur þeirrar bókar. Aðalatriðin eru dregin saman í örstuttu máli á næstu opnu.

Spilin eru úr ýmsum áttum og mismunandi "merkileg". Mörg hafa komið upp í keppni hérlendis, sum eru tilbúin, enn önnur fengin að láni úr "heimsbókmenntunum".

Það er ekki skilyrði fyrir nýtingu bókarinnar að kunna útreikninginn í sveitakeppni — bókina má lesa án þess að hirða nokkuð um reiknikúnstir. En skemmtilegri og skilvirkari leið væri að *spila fyrst* öll spil bókarinnar í fjögurra manna hópi. Það fer þannig fram: Spilin eru brotin upp í átta lotur eða sett. Spilagjöfin er næst á eftir titilsíðu hverrar lotu og þarf einhver "gjöfull" spilari að taka að sér að raða í spilabakka eftir forskriftinni þar.*

Á síðunni við hliðina á spilagjöfinni er eyðublað fyrir sagnir, sem er ætlað þeim sem vilja hafa eigin sagnir á blaði til að bera síðan saman við ráðlagar sagnir. Skorblað er á tveimur stöðum: á titilsíðu og eftir lotuna á sömu síðu og skorblaðið af "hinu borðinu".

Við "hitt borðið" spila saman þeir félagar Norður og Suður, gegn erkifjendum sínum, þeim Vestur og Austur. Bæði þessi ímynduðu pör standa sig iðulega mjög vel, einkum hlutverki sagnhafa og í vörn, en í sögnum lúta þeir stundum í lægra haldi fyrir dyntum leguguðsins. Reynt hefur verið að gæta jafnræðis á milli höfuðátta, þótt það komi ekki endilega fram í hverju setti. Eitt er víst — aldrei er á vísan að róa með niðurstöðuna.

Góða skemmtun!

Guðmundur Páll Arnarson

---

** Hægt er að panta spilagjöf hjá Bridgesambandi Íslands (sími: 587-9360) og sækja þangað eftir samkomulagi (Síðumúli 37, Reykjavík).*

## SVEITAKEPPNI

Sveitakeppni er mikilvægasta keppnisformið í brids. Tvö lið, eða sveitir, spila innbyrðis á tveimur borðum. Í hverri sveit spila tvö pör í einu, situr annað NS á einu borði, en AV á öðru. Andstæðingarnir í hinni sveitinni spila í hinum áttunum. Sömu spil eru spiluð á báðum borðum og er þannig tryggt að spilaheppni ráði engu um niðurstöðuna.

Í keppnisbrids (sveitakeppni eða tvímenningi) er hvert *spil gert upp sjálfstætt* svo að hægt sé að bera árangurinn saman við önnur borð. Því er bónus strax gefinn fyrir geimsagnir, og þar eð ekki er hægt að safna bútum upp í geim er gefinn svokallaður bútabónus. Stöðurnar (gjafari og hættur) eru fyrirfram ákveðnar. Fyrir að vinna geim utan hættu fást 300 stig, en 500 fyrir geim á hættu, sem færist í eina tölu með slögum og hugsanlegum yfirslögum. Fyrir bút—hvort heldur utan hættu eða á hættu—fást aukalega 50 stig til viðbótar við alla slagi.

<u>Dæmi</u>: Fjögur hjörtu utan hættu með einum yfirslag: 120+30+300=450.
<u>Annað dæmi</u>: Þrír tíglar með yfirslag: 60+20+50=130.
Þetta tvennt—geimbónus og bútabónus—er sérstakt fyrir keppnisbrids, en annað er með sama hætti og í hefðbundnum rúbertureikningi: slemmubónus er eins og ennfremur gjaldið fyrir að tapa spilum.

Hins vegar skiptir öllu máli *hvernig þessar tölur eru meðhöndlaðar*.
Í sveitakeppni eru tölurnar á borðunum tveimur bornar saman og ef um mismun er að ræða er honum umbreytt í svokölluð IMP-stig, eða “impa”, eins og þeir eru iðulega nefndir af innvígðum. IMP er ensk skammstöfun fyrir *International Match Points*. Í bókinni er IMP-tafla á uppgjörssíðu hverrar lotu.

Stundum er IMP-mismun breytt í svonefnd “vinningsstig” — VP eða “Vicotory Points” á ensku. Þá eru fyrirfram 30 stig til skiptanna. Jafntefli er 15-15, minnsti sigur 16-14 og svo framvegis. Þó getur sigursveitin aldrei fengið meira en 25 stig, en tapsveitin getur orðið stigalaus. Stærsti sigur er 25-0. Leikir í sveitakeppni eru mislangir og því eru umbreytingatöflurnar í vinningsstig ólíkar eftir lengd leikja — því lengri sem leikurinn er, því meiri mun í IMPum þarf í fullnaðarsigur.

# SAGNKERFIÐ OG VARNARREGLUR *

## Nútíma Standard

* Opnað er á laufi með 3-3 í láglitum, en tígli með 4-4.
* Kröfugrand við hálitaopnun (sýnir 6-12 HP).
* Bergen-hækkanir í hálit.
* Sterkar hækkanir í láglit.
* Grandopnun er 15-17 HP með Stayman og yfirfærslum.
* Opnun á 2♣ er alkrafa og eina sterka sögnin.
* Aðrar opnanir á tveimur eru “veikir tveir”, lofa 6-lit og 6-10 HP.
* Svar á nýjum lit á öðru þrepi (tveir-yfir-einum) er geimkrafa með einni undantekningu — ef svarhönd endursegir litinn sinn strax (1♠-2♣; 2G-3♣ = áskorun).
* Sama gildir um einfalda hækkun í láglit (1♣-2♣ eða 1♦-2♦), það er krafa í geim, nema svarhönd segi litinn strax aftur.
* Eftir 1x-1y; 1G er notuð tvíhleypa, en einhleypa eftir 1x-1y; 2G.
* Í slemmuleit er svarið 2G sterk hækkun á móti hálit og spurning um einspil.
* Fyrirstöðusagnir og RKCB.
* Dobl: opnunardobl, neikvætt dobl og svardobl.
* Strögl eru á bilinu 8-17 HP og lofa fimmlit.

## Varnarreglur

* Útspilreglur eru 3./5. gegn lit og 4. gegn grandi.
* Spilað er út háu með tvíspil.
* Kóngur út gegn grandi lofar 3 af 4 efstu og biður um talningu eða afblokkeringu, sem þýðir að spila verður út drottningu frá KD og veikari röð.
* Grunnregla varnarinnar er kall/frávísun, og er kallað með lágum spilum, en vísað frá með háum.
* Hliðarkall er mikið notað í öðrum og þriðja slag þegar reglan um kall/frávísun hefur lokið sínu hlutverki, og ennfremur í fáeinum öðrum skilgreindum stöðum. Reglan er hefðbundin: hátt spil fyrir hærri lit, lágt spil fyrir lægri lit.
* Talning er lítið notuð nema í sérstaklega skilgreindum stöðum. Reglan er: hátt-lágt=jöfn tala spila, lágt-hátt=stök tala spila.

---

** Sjá nánari útfærslur í bókinni NÚTÍMA BRIDGE (1999).*

# Fyrsta sett

## SPIL 1–8

Norður ________________________________

Suður ________________________________

Austur ________________________________

Vestur ________________________________

| Nr | Gj. | Hættur | SAMNINGUR | Sh. | Sl. | NS | AV | + IMP | - |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | N | Enginn | | | | | | | |
| **2** | A | NS | | | | | | | |
| **3** | S | AV | | | | | | | |
| **4** | V | Allir | | | | | | | |
| **5** | N | NS | | | | | | | |
| **6** | A | AV | | | | | | | |
| **7** | S | Allir | | | | | | | |
| **8** | V | Enginn | | | | | | | |
| | | | | | | | *Úrslit* | | |

**Spil 1**
N/Enginn

Norður
♠ **654**
♥ **K9**
♦ **G872**
♣ **D987**

Vestur
♠ **Á2**
♥ **752**
♦ **964**
♣ **ÁK1052**

Austur
♠ **KD3**
♥ **ÁG43**
♦ **ÁK5**
♣ **643**

Suður
♠ **G10987**
♥ **D1086**
♦ **D103**
♣ **G**

**Spil 2**
A/NS

Norður
♠ **G7**
♥ **KG842**
♦ **KD6**
♣ **1073**

Vestur
♠ **K5**
♥ **1093**
♦ **G7532**
♣ **642**

Austur
♠ **ÁD10863**
♥ **D7**
♦ **109**
♣ **ÁDG**

Suður
♠ **942**
♥ **Á65**
♦ **Á84**
♣ **K985**

**Spil 3**
S/AV

Norður
♠ **DG743**
♥ **432**
♦ **43**
♣ **K43**

Vestur
♠ **K**
♥ **ÁD8**
♦ **K1087**
♣ **ÁD975**

Austur
♠ **Á10982**
♥ **G10**
♦ **DG65**
♣ **86**

Suður
♠ **65**
♥ **K9765**
♦ **Á92**
♣ **G102**

**Spil 4**
V/Allir

Norður
♠ **G10872**
♥ **965**
♦ **84**
♣ **D92**

Vestur
♠ **4**
♥ **G4**
♦ **KDG65**
♣ **ÁG653**

Austur
♠ **Á963**
♥ **—**
♦ **109732**
♣ **K1074**

Suður
♠ **KD5**
♥ **ÁKD108732**
♦ **Á**
♣ **8**

**Spil 5**
N/NS

Norður
♠ **ÁDG73**
♥ **65**
♦ **D864**
♣ **64**

Vestur
♠ **—**
♥ **ÁD983**
♦ **103**
♣ **ÁKDG75**

Austur
♠ **K862**
♥ **742**
♦ **ÁG5**
♣ **932**

Suður
♠ **10954**
♥ **KG10**
♦ **K972**
♣ **108**

**Spil 6**
A/AV

Norður
♠ **ÁKD**
♥ **ÁD6**
♦ **ÁKD5**
♣ **G65**

Vestur
♠ **G10965**
♥ **K72**
♦ **109**
♣ **732**

Austur
♠ **32**
♥ **8543**
♦ **G87**
♣ **ÁKD8**

Suður
♠ **874**
♥ **G109**
♦ **6432**
♣ **1094**

**Spil 7**
S/Allir

Norður
♠ **653**
♥ **KD52**
♦ **G83**
♣ **D82**

Vestur
♠ **1094**
♥ **G87**
♦ **K1062**
♣ **G103**

Austur
♠ **G2**
♥ **Á9643**
♦ **ÁD9**
♣ **765**

Suður
♠ **ÁKD87**
♥ **10**
♦ **754**
♣ **ÁK94**

**Spil 8**
V/Enginn

Norður
♠ **D1065**
♥ **93**
♦ **D865**
♣ **984**

Vestur
♠ **Á84**
♥ **K764**
♦ **K2**
♣ **6532**

Austur
♠ **K2**
♥ **ÁDG105**
♦ **Á73**
♣ **ÁG10**

Suður
♠ **G973**
♥ **82**
♦ **G1094**
♣ **KD7**

**Spil 1**. *Norður gefur; enginn á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 2**. *Austur gefur; NS á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 3**. *Suður gefur; AV á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 4**. *Vestur gefur; allir á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 5**. *Norður gefur; NS á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 6**. *Austur gefur; AV á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 7**. *Suður gefur; allir á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 8**. *Vestur gefur; enginn á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 1**
N/Enginn

| | Norður | |
|---|---|---|
| | ♠ 654 | |
| | ♥ K9 | |
| | ♦ G872 | |
| | ♣ D987 | |
| Vestur | | **Sagnhafi** |
| ♠ Á2 | | ♠ KD3 |
| ♥ 752 | | ♥ ÁG43 |
| ♦ 964 | | ♦ ÁK5 |
| ♣ ÁK1052 | | ♣ 643 |
| | Suður | |
| | ♠ <u>G</u>10987 | |
| | ♥ D1086 | |
| | ♦ D103 | |
| | ♣ G | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | Pass | 1 G | Pass |
| 3 G | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**
Stuttar og laggóðar.

**SPILAMENNSKAN**
Suður spilar út spaðagosa, sem sagnhafi tekur heima og fer í laufið. Þegar gosinn birtist úr suðrinu, boðar það annað hvort góðar fréttir eða slæmar: DG tvíspil eða blankan gosa. Með átta toppslagi hefur sagnhafi efni á svolítilli svartsýni, svo hann dúkkar laufgosann. Suður ræðst á spaðaásinn og nú má tryggja samninginn með því að spila litlu laufi úr borðinu. En það er þó ástæðulaust að gefa annan laufslag ef Suður á drottninguna líka, svo það er heldur nákvæmara að fara heim á tígulás og spila laufinu þaðan. Þegar Suður hendir spaða, dúkkar sagnhafi aftur og fær níunda slaginn á laufhund.

Ef þessari “öryggisspilamennsku” er ekki beitt, fæst aldrei slagur á fimmta laufið.

<u>Niðurstaða</u>: 3G í austur, 9 slagir. AV = 400

**Spil 2** — **Sagnhafi**

A/NS

| | | |
|---|---|---|
| | ♠ G7<br>♥ KG842<br>♦ KD6<br>♣ 1073 | |
| Vestur<br>♠ K5<br>♥ 1093<br>♦ G7532<br>♣ 642 | | Austur<br>♠ ÁD10863<br>♥ D7<br>♦ 109<br>♣ ÁDG |
| | Suður<br>♠ 942<br>♥ Á65<br>♦ Á84<br>♣ K985 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | 1 ♠ | Pass |
| Pass | 2 ♥ | 2 ♠ | 3 ♥ |
| Pass | Pass | Pass | |

**SAGNIR**
Norður er í verndarstöðu og þarf því ekki mikil spil til að berjast.

**SPILAMENNSKAN**
Austur kemur út með tígultíu. Norður sér að hann gefur tvo slagi á spaða og aðra tvo á lauf, þó svo að ásinn liggi í austur. Hann má því engan slag gefa á tromp. Undir venjulegum kringumstæðum er besta íferðin í þennan tromplit að taka á ásinn og svína svo gosanum. En hér er eitt og annað vitað um spil varnarinnar, sem gerir svíninguna vonlitla. Útspil Austurs segir mikla sögu. Austur á tæplega ÁK í spaða, því þá hefði hann lagt niður spaðaás í upphafi. Og með hjónin hefði hann sennilega spilað út kóngnum. Þetta þýðir að ♠K er að öllum líkindum í vestur. Og Vestur virðist líka eiga tígulgosann, svo það er vitað um fjóra punkta á hans hendi. Með hjartadrottningu til viðbótar ætti hann sex punkta, sem er nóg til að svara. Að þessu athuguðu, ætti sagnhafi að toppa hjartað í þeirri von að drottningin falli. Sem hún gerir.

---

Niðurstaða: 3♥ í norður, 9 slagir. NS = 140

| | | |
|---|---|---|
| **Spil 3**<br>S/AV | Norður<br>♠ DG743<br>♥ 432<br>♦ 43<br>♣ K43 | |
| **Sagnhafi**<br>♠ K<br>♥ ÁD8<br>♦ K1087<br>♣ ÁD975 | | Austur<br>♠ Á10982<br>♥ G10<br>♦ DG65<br>♣ 86 |
| | Suður<br>♠ 65<br>♥ K9765<br>♦ Á92<br>♣ G102 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | Pass |
| 1 ♣ | Pass | 1 ♠ | Pass |
| 2 ♦ | Pass | 3 ♦ | Pass |
| 3 G | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**

Tveggja tígla sögn Vesturs er nefnd “reverse” á ensku, en vending eða “öfug sagnröð” á íslensku. Fyrst er opnað á lægri lit og síðan hærri sagður þrepinu ofar. Slíkar sagnir sýna sterk spil — minnst 17 HP, og eru sambærilegar við stökk í nýjum lit: 1♥-1♠; 3♦.

**SPILAMENNSKAN**

Norður á ekkert gott útspil, en í ljósi sagna er eðlilegt að spila út hjarta — og þá fjarkanum, sem “topp af engu”.

Sagnhafi á níu slagi með því að reka út tígulásinn og svína í hjarta, en getur fengið 11 ef hann djúpsvínar strax fyrir G10 í laufi.

Niðurstaða: 3G í vestur, 11 slagir. AV = 660

**Spil 4**
V/Allir

| | Norður | |
|---|---|---|
| | ♠ G10872 | |
| | ♥ 965 | |
| | ♦ 84 | |
| | ♣ D92 | |
| Vestur | | Austur |
| ♠ 4 | | ♠ Á963 |
| ♥ G4 | | ♥ — |
| ♦ KDG65 | | ♦ 109732 |
| ♣ ÁG653 | | ♣ K1074 |
| | **Sagnhafi** | |
| | ♠ KD5 | |
| | ♥ ÁKD108732 | |
| | ♦ Á | |
| | ♣ 8 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 1 ♦ | Pass | 1 ♠ | 4 ♥ |
| Pass | Pass | 5 ♦ | 5 ♥ |
| Pass | Pass | Dobl | Pass |
| Pass | Pass | | |

**SAGNIR**
Sex tíglar vinnast í AV með því að finna laufdrottninguna, en það er erfitt að giska rétt í slíkum baráttustöðum. En á hitt ber að líta að pass Vesturs yfir fimm hjörtum sýnir a.m.k. ekki einbeittan vilja til að spila vörnina.

**SPILAMENNSKAN**
Vestur kemur út með einspilið í spaða. Austur tekur á ásinn og sagnhafi lætur drottninguna undir. Það blekkir þó engan, því spaðafimman er óséð og Vestur hefði spilað henni út frá 54. Austur spilar því spaða í öðrum slag — nánar tiltekið *þristinum* (lægsta spilinu) til að benda á innkomu í laufi. Vestur á að treysta makker og spila undan laufásnum til að fá aðra stungu. Þannig má taka spilið tvo niður, sem er sæmileg uppbót fyrir geimið.

Niðurstaða: 5♥/D í suður, 9 slagir. AV = 500

**Spil 5**
N/NS

| | | |
|---|---|---|
| | Norður<br>♠ ÁDG73<br>♥ 65<br>♦ D8<u>6</u>4<br>♣ 64 | |
| **Sagnhafi**<br>♠ —<br>♥ ÁD983<br>♦ 103<br>♣ ÁKDG75 | | Austur<br>♠ K862<br>♥ 742<br>♦ ÁG5<br>♣ 932 |
| | Suður<br>♠ 10954<br>♥ KG10<br>♦ K972<br>♣ 108 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | Pass | Pass | Pass |
| 1 ♣ | 1 ♠ | 1 G | 2 ♠ |
| 3 ♥ | Pass | 3 G | Pass |
| 4 ♥ | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**
Með 6-spila láglit og 5-spila hálit er best að byrja á hálitnum ef opnunin er veik, annars láglitnum og tvímelda síðan hálitinn á eftir. Eins og sagnir þróast hér, hefur Vestur fyrst sýnt skiptinguna þegar hann segir 4♥ yfir þremur gröndum.

**SPILAMENNSKAN**
Vestur tekur ellefu slagi nema út komi spaðaás, en þá fær hann tólf. Spaðaás er eina útspilið sem gefur sagnhafa 12 slagi í hjartasamningi, en í sex laufum á hann fleiri möguleika. Gegn þeim samningi verður vörnin að spila út tígli. Með trompi út, til dæmis, getur sagnhafi byrjað á því að spila litlu hjarta að heiman, en síðan notað innkomuna á tígulás til að svína hjartadrottningu. Hann hendir svo tveimur tíglum í blindum niður í fríhjörtu og trompar tígul með þriðja trompi blinds.

<u>Niðurstaða</u>: 4♥ í vestur, 11 slagir. AV = 450

**Spil 6**
A/AV

**Sagnhafi**
♠ ÁKD
♥ ÁD6
♦ ÁKD5
♣ G65

| Vestur | | Austur |
|---|---|---|
| ♠ G10965 | | ♠ 32 |
| ♥ K72 | | ♥ 8543 |
| ♦ 109 | | ♦ G87 |
| ♣ 732 | | ♣ ÁKD8 |

Suður
♠ 874
♥ G109
♦ 6432
♣ 1094

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | Pass | Pass |
| Pass | 2 ♣ | Pass | 2 ♦ |
| Pass | 3 G | Pass | Pass |
| Pass | | | |

**SAGNIR**
Norður opnar fyrst á alkröfu og lýsir svo yfir 25-26 HP og grandskiptingu með 3G. Þetta er óþægileg byrjun, einkum þegar svarhöndin er veik með fjórlit í öðrum eða báðum hálitum. En ekki er á allt kosið og tíðnin á svo sterkum spilum er of lítil til að hafa áhyggjur af.

**SPILAMENNSKAN**
Austur lyftir laufkóng í byrjun og tekur þar fjóra slagi þegar makker sýnir þrílit með sjöunni í fyrsta slag (kóngur út gegn grandi biður um talningu). Sagnhafi hendir hjarta heima og spaða úr blindum. Hann þarf að komast inn í borð á tígulsexu til að geta svínaði í hjartanu, svo það má alls ekki henda tígli frá sexunni fjórðu. Spilið liggur vel: tígullinn 3-2 og hjarta-kóngur í austur, svo sagnhafi fær sína níu slagi.

Niðurstaða: 3G í norður, 9 slagir. NS = 400

**Spil 7**
S/Allir

| | | |
|---|---|---|
| | Norður<br>♠ 653<br>♥ KD52<br>♦ G83<br>♣ D82 | |
| Vestur<br>♠ 1094<br>♥ G87<br>♦ K10<u>6</u>2<br>♣ G103 | | Austur<br>♠ G2<br>♥ Á9643<br>♦ ÁD9<br>♣ 765 |
| | **Sagnhafi**<br>♠ ÁKD87<br>♥ 10<br>♦ 754<br>♣ ÁK94 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 1 ♠ |
| Pass | 2 ♠ | Pass | 3 ♣ |
| Pass | 3 ♥ | Pass | 3 ♠ |
| Pass | Pass | Pass | |

**SAGNIR**
NS þreifa fyrir sér með geim, en ná að stansa í þremur spöðum. En það er of hátt farið ef vörnin stendur sig vel.

**SPILAMENNSKAN**
Eftir þessar upplýsandi sagnir ætti ekki að vefjast fyrir Vestri að spila út tígli. Hann velur til þess sexuna, þriðja hæsta. Austur tekur fyrstu slagina á ♦ÁD og ætti síðan að *leggja niður hjartaás* áður en hann spilar tígli í þriðja sinn. Vestur tekur fjórða slag varnarinnar á tígulkóng og spilar (vonandi) þrettánda tíglinum, sem Austur mun trompa með gosa og uppfæra með því tíu Vesturs í slag. Þetta er ekki beinlínis auðveld vörn, en þó rökrétt út frá sögnum.

<u>Niðurstaða</u>: 3♠ í suður, 8 slagir. AV = 100

| | | |
|---|---|---|
| **Spil 8**<br>V/Enginn | Norður<br>♠ D1065<br>♥ 93<br>♦ D865<br>♣ 984 | |
| Vestur<br>♠ Á84<br>♥ K764<br>♦ K2<br>♣ 6532 | | **Sagnhafi**<br>♠ K2<br>♥ ÁDG105<br>♦ Á73<br>♣ ÁG10 |
| | Suður<br>♠ G973<br>♥ 82<br>♦ G1094<br>♣ KD7 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| Pass | Pass | 1 ♥ | Pass |
| 3 ♣ | Pass | 4 G | Pass |
| 5 ♥ | Pass | 6 ♥ | Pass |
| Pass | Pass | | |

**SAGNIR**
Vestur sýnir fjórlit í hjarta og 10-12 punkta með 3♣ (Bergen-hækkun) og Austur keyrir þá í slemmu, en spyr til öryggis um lykilspil.

**SPILAMENNSKAN**
Tvísvíning í laufi skilar tólf slögum í öllum tilfellum nema þegar Suður liggur með hjónin á eftir ÁG10. Legan er því óheppileg, en sagnhafi þarf ekki að treysta á hagstæða legu ef hann spilar rétt — hreinsar upp hliðarlitina og spilar svo laufi á gosann. Bestu vinnubrögðin eru að taka á tígulkóng, svo ♥ÁD, trompa næst út spaðann og enda á því taka tígulás og stinga tígul. Þá er sviðið sett til að spila laufi á gosann og leggja upp. Suður verður þá að spila laufi upp í gaffalinn eða gefa trompun og afkast með því að spila í tvöfalda eyðu.

Niðurstaða: 6♥ í austur, 12 slagir. AV = 980

## Fyrsta sett — uppgjör: spil 1-8

| Nr | Gj. | Hættur | SAMNINGUR | Sh. | Sl. | NS | AV | + IMP | - |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | N | Enginn | | | | | | | |
| **2** | A | NS | | | | | | | |
| **3** | S | AV | | | | | | | |
| **4** | V | Allir | | | | | | | |
| **5** | N | NS | | | | | | | |
| **6** | A | AV | | | | | | | |
| **7** | S | Allir | | | | | | | |
| **8** | V | Enginn | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

| Nr | Gj. | Hættur | SAMNINGUR | Sh. | Sl. | NS | AV | + IMP | - |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | N | Enginn | Þrjú grönd | A | 9 | | 400 | | |
| **2** | A | NS | Þrjú hjörtu | N | 9 | 140 | | | |
| **3** | S | AV | Þrjú grönd | V | 11 | | 660 | | |
| **4** | V | Allir | Fimm hjörtu, dobluð | S | 9 | | 500 | | |
| **5** | N | NS | Fjögur hjörtu | V | 11 | | 450 | | |
| **6** | A | AV | Þrjú grönd | N | 9 | 400 | | | |
| **7** | S | Allir | Þrír spaðar | S | 8 | | 100 | | |
| **8** | V | Enginn | Sex hjörtu | A | 12 | | 980 | | |
| | | | | | | | | | |

# IMP umbreytingartafla

| | | |
|---|---|---|
| 0-10 = 0 | 430-490 = 10 | 2250-2490 = 20 |
| 20-40 = 1 | 500-590 = 11 | 2500-2990 = 21 |
| 50-80 = 2 | 600-740 = 12 | 3000-3490 = 22 |
| 90-120 = 3 | 750-890 = 13 | 3500-3490 = 23 |
| 130-160 = 4 | 900-1090 = 14 | 4000+ = 24 |
| 170-210 = 5 | 1100-1290 = 15 | |
| 220-260 = 6 | 1300-1490 = 16 | |
| 270-310 = 7 | 1500-1740 = 17 | |
| 320-360 = 8 | 1750-1990 = 18 | |
| 370-420 = 9 | 2000-2240 = 19 | |

# Annað sett

## SPIL 9–16

Norður ______________________________

Suður ______________________________

Austur ______________________________

Vestur ______________________________

| Nr | Gj. | Hættur | SAMNINGUR | Sh. | Sl. | NS | AV | + IMP | - |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **9** | N | AV | | | | | | | |
| **10** | A | Allir | | | | | | | |
| **11** | S | Enginn | | | | | | | |
| **12** | V | NS | | | | | | | |
| **13** | N | Allir | | | | | | | |
| **14** | A | Enginn | | | | | | | |
| **15** | S | NS | | | | | | | |
| **16** | V | AV | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

| | |
|---|---|
| **Spil 9**<br>N/AV<br>Norður: ♠ ÁD9753 ♥ 3 ♦ Á64 ♣ D102<br>Vestur: ♠ 10 ♥ G102 ♦ D87532 ♣ Á74<br>Austur: ♠ G86 ♥ 7654 ♦ 109 ♣ KG63<br>Suður: ♠ K42 ♥ ÁKD98 ♦ KG ♣ 985 | **Spil 13**<br>N/Allir<br>Norður: ♠ Á ♥ KG ♦ ÁD10754 ♣ DG94<br>Vestur: ♠ G103 ♥ Á87632 ♦ K2 ♣ 76<br>Austur: ♠ KD97642 ♥ 9 ♦ 963 ♣ 82<br>Suður: ♠ 85 ♥ D1054 ♦ G8 ♣ ÁK1053 |
| **Spil 10**<br>A/Allir<br>Norður: ♠ 65432 ♥ ÁD84 ♦ 105 ♣ 86<br>Vestur: ♠ D107 ♥ 765 ♦ 74 ♣ G10954<br>Austur: ♠ ÁKG ♥ G102 ♦ ÁKD9 ♣ KD7<br>Suður: ♠ 98 ♥ K93 ♦ G8632 ♣ Á32 | **Spil 14**<br>A/Enginn<br>Norður: ♠ DG986 ♥ 1086 ♦ K9 ♣ G42<br>Vestur: ♠ ÁK102 ♥ 943 ♦ 863 ♣ 987<br>Austur: ♠ 73 ♥ ÁDG ♦ ÁG1072 ♣ Á63<br>Suður: ♠ 54 ♥ K752 ♦ D54 ♣ KD105 |
| **Spil 11**<br>S/Enginn<br>Norður: ♠ ÁDG92 ♥ 64 ♦ 74 ♣ DG94<br>Vestur: ♠ 7 ♥ ÁD102 ♦ K5 ♣ ÁK7652<br>Austur: ♠ 10654 ♥ K3 ♦ ÁG9863 ♣ 3<br>Suður: ♠ K83 ♥ G9875 ♦ D102 ♣ 108 | **Spil 15**<br>S/NS<br>Norður: ♠ 8 ♥ G10976 ♦ G65 ♣ Á876<br>Vestur: ♠ G9642 ♥ ÁD ♦ K32 ♣ G43<br>Austur: ♠ D1053 ♥ 53 ♦ ÁD4 ♣ KD105<br>Suður: ♠ ÁK7 ♥ K842 ♦ 10987 ♣ 92 |
| **Spil 12**<br>V/NS<br>Norður: ♠ ÁKDG84 ♥ D ♦ 85 ♣ D1098<br>Vestur: ♠ 9 ♥ ÁK7642 ♦ ÁK102 ♣ K3<br>Austur: ♠ 10532 ♥ 1098 ♦ D ♣ ÁG754<br>Suður: ♠ 76 ♥ G53 ♦ G97643 ♣ 62 | **Spil 16**<br>V/AV<br>Norður: ♠ 854 ♥ ÁKD73 ♦ 65 ♣ 743<br>Vestur: ♠ DG109 ♥ 82 ♦ G93 ♣ D1085<br>Austur: ♠ 762 ♥ G1095 ♦ D1042 ♣ K6<br>Suður: ♠ ÁK3 ♥ 64 ♦ ÁK87 ♣ ÁG92 |

**Spil 9**. *Norður gefur; AV á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 10**. *Austur gefur; allir á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 11**. *Suður gefur; enginn á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 12**. *Vestur gefur; NS á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 13**. *Norður gefur; allir á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 14**. *Austur gefur; enginn á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 15**. *Suður gefur; NS á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 16**. *Vestur gefur; AV á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | ______ | ______ | ______ |
| ______ | | | |

**Spil 9** | **Sagnhafi**
N/AV

| | | |
|---|---|---|
| | **Sagnhafi** | |
| | ♠ ÁD9753 | |
| | ♥ 3 | |
| | ♦ Á64 | |
| | ♣ D102 | |
| Vestur | | Austur |
| ♠ 10 | | ♠ G86 |
| ♥ G102 | | ♥ 7654 |
| ♦ D87532 | | ♦ 109 |
| ♣ Á74 | | ♣ KG63 |
| | Suður | |
| | ♠ K42 | |
| | ♥ ÁKD98 | |
| | ♦ KG | |
| | ♣ 985 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 ♠ | Pass | 2 ♥ |
| Pass | 2 ♠ | Pass | 3 ♠ |
| Pass | 4 ♦ | Pass | 4 ♠ |
| Pass | Pass | Pass | |

**SAGNIR**
Svarið á tveimur hjörtum er geimkrafa og lofar fimmlit, svo Suður er að bjóða upp á slemmu með því að hækka tvo spaða aðeins í þrjá. En Suður missir allan slemmuáhuga þegar Norður segir fjóra tígla, því það neitar fyrirstöðu í laufi.

**SPILAMENNSKAN**
Sagnir hafa verið mjög upplýsandi. Austur spilar því galvaskur út laufi frá KG og vörnin tekur þar þrjá fyrstu slagina. Sá fjórði kemur þegar Austur spilar þrettánda laufinu út í þrefalda eyðu! Vestur trompar með tíunni og uppfærir þannig gosa Austurs í slag.

---

Niðurstaða: 4♠ í norður 9 slagir. AV = 50

| | | |
|---|---|---|
| **Spil 10**<br>A/Allir | Norður<br>♠ 65432<br>♥ ÁD84<br>♦ 105<br>♣ 86 | |
| Vestur<br>♠ D107<br>♥ 765<br>♦ 74<br>♣ G10954 | | **Sagnhafi**<br>♠ ÁKG<br>♥ G102<br>♦ ÁKD9<br>♣ KD7 |
| | Suður<br>♠ 98<br>♥ K93<br>♦ G8632<br>♣ Á32 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | 2 ♣ | Pass |
| 2 ♦ | Pass | 2 G | Pass |
| 3 G | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**

Austur segir frá 23-24 HP og jafnri skiptingu með því að opna á alkröfu og segja svo 2G næst við afmeldingunni.

**SPILAMENNSKAN**

Suður hefur enga ástæðu til annars en að spila út í sínum lengsta lit, eða tígli. Sagnhafi drepur tíu Norðurs og fer í laufið. Suður gefur tvívegis og Norður sýnir lengd (lágt-hátt=jöfn tala), enda óvíst að spaðadrottningin sé örugg innkoma. Í þriðja laufið hendir Norður spaðasexu, sem er frávísun í spaða (fyrsta afkast í eyðu) og þar með óbeint kall í hjarta. Suður gerir sér þá grein fyrir því að sagnhafi kemst inn á spaðadrottningu til að taka fríslagina á lauf, þannig að eina von varnarinnar er að taka strax fjóra slagi á hjarta. Hann spilar því hjarta (kóngnum til öryggis) og fær stóra vinninginn. Einn niður.

Niðurstaða: 3G í austur, 8 slagir. NS = 100

**Spil 11**
S/Enginn

| | | |
|---|---|---|
| | Norður | |
| | ♠ ÁDG92 | |
| | ♥ 64 | |
| | ♦ 74 | |
| | ♣ DG94 | |
| Vestur | | **Sagnhafi** |
| ♠ 7 | | ♠ 10654 |
| ♥ ÁD102 | | ♥ K3 |
| ♦ K5 | | ♦ ÁG9863 |
| ♣ ÁK7652 | | ♣ 3 |
| | Suður | |
| | ♠ K83 | |
| | ♥ G9875 | |
| | ♦ D102 | |
| | ♣ 108 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | Pass |
| 1 ♣ | 1 ♠ | 2 ♦ | 2 ♠ |
| 3 ♣ | Pass | 3 ♦ | Pass |
| 5 ♦ | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**
Austur á lítil spil fyrir sínum sögnum, en hann meldar sig niður með 3♦, sem er ekki krafa.

**SPILAMENNSKAN**
Með spaða út upp á ás Norðurs og tígli til baka er sagnhafi í nokkrum vanda. Hann drepur tíu Suðurs með kóng og gerir nú best í því að taka ÁK í laufi og trompa lauf með millispili. Það er í lagi þótt Suður yfirtrompi, því tígullinn í blindum tryggir að vörnin geti ekki tekið slag á spaða. Ef Suður trompar út aftur, fer sagnhafi inn í borð á ♥D til að fría laufið með trompun. Síðan yfirtekur hann ♥K og hendir tveimur spöðum niður í frí-lauf. Yfirtrompi Suður ekki þegar þriðja laufinu er spilað, stingur sagnhafi spaða í borði, fer síðan heim á ♥K og leggur niður trompás. Hendir loks síðasta spaðanum í hjartadrottningu.

Niðurstaða: 5♦ í austur, 11 slagir. AV = 400

**Spil 12**
V/NS

| | | |
|---|---|---|
| | Norður<br>♠ ÁKDG84<br>♥ D<br>♦ 85<br>♣ D1098 | |
| **Sagnhafi**<br>♠ 9<br>♥ ÁK7642<br>♦ ÁK102<br>♣ K3 | | Austur<br>♠ 10532<br>♥ 1098<br>♦ D<br>♣ ÁG754 |
| | Suður<br>♠ 76<br>♥ G53<br>♦ G97643<br>♣ 62 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 1 ♥ | 1 ♠ | 2 ♥ | Pass |
| 4 ♥ | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**

Norður þarf að sýna stillingu að segja ekki 4♠ við 4♥, því auðvitað er hugsanlegt að Suður sé með kjötmeti í laufi sem gerir 4♠ vænlega, að minnsta kosti sem fórn. Raunar er til í dæminu að bæði 4♥ vinnist í AV og 4♠ í NS. En það er á móti líkum og Norður verður einfaldlega að sætta sig við þessa þróun mála.

**SPILAMENNSKAN**

Vestur fær tólf slagi ef hann hittir á að svína fyrir trompgosann. Hann fær út spaðaás, síðan kóng, sem hann trompar og leggur niður hjartaás. Þegar drottningin dettur í norður, er besta íferðin að fara inn á blindan og svína fyrir hjartagosann. Það eru meiri líkur á því að drottning Norðurs sé stök en frá DG tvíspili. (Ef Norður væri með DG, gæti hann látið *hvort heldur* drottninguna eða gosann undir ásinn, en drottninguna staka *verður* hann að láta hana í slaginn. Líkur á því að hann sé aðeins með drottninguna en ekki gosann líka eru þannig 2 á móti 1.)

---

Niðurstaða: 4♥ í vestur, 12 slagir AV = 480

| | | |
|---|---|---|
| **Spil 13** | **Sagnhafi** | |
| N/Allir | ♠ Á | |
| | ♥ KG | |
| | ♦ ÁD10754 | |
| | ♣ DG94 | |
| Vestur | | Austur |
| ♠ G103 | | ♠ KD97642 |
| ♥ Á87632 | | ♥ 9 |
| ♦ K2 | | ♦ 963 |
| ♣ 76 | | ♣ 82 |
| | Suður | |
| | ♠ 85 | |
| | ♥ D1054 | |
| | ♦ G8 | |
| | ♣ ÁK1053 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | 1 ♦ | 3 ♠ | Dobl |
| Pass | 5 ♣ | Pass | Pass |
| Pass | | | |

**SAGNIR**

Dobl Suðurs á hindrun Austurs er neikvætt, þ.e. sýnir fyrst og fremst nógu góð spil til melda, en lofar engum styrk í spaða. Neikvætt dobl á innákomu á þriðja þrepi lofar minnst 10 HP, en er þó ekki alveg skilyrðislaust krafa í geim. Þess vegna stekkur Norður í fimm lauf, því hann vill ekki gefa makker færi að passa undir geimi. Það er álitamál hvort Suður eigi fyrir hækkun í sex, en með tvíspil í spaða ákveður hann að fara varlega.

**SPILAMENNSKAN**

Austur kemur út með einspilið í hjarta og Vestur tekur á ásinn og gefur makker stungu. En fleiri verða slagir varnarinnar ekki, því tígulkóngurinn liggur fyrir svíningu.

<u>Niðurstaða</u>: 5♣ í norður, 11 slagir. NS = 600

**Spil 14**
A/Enginn

Norður
♠ DG986
♥ 1086
♦ K9
♣ G42

Vestur
♠ ÁK102
♥ 943
♦ 863
♣ 987

**Sagnhafi**
♠ 73
♥ ÁDG
♦ ÁG1072
♣ Á63

Suður
♠ 54
♥ K752
♦ D54
♣ KD105

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | 1 G | Pass |
| Pass | Pass | | |

**SAGNIR**
Þrátt fyrir fimmlit í tígli og veikt tvíspil í spaða, er best að opna á grandi frekar en tígli. Ástæðan er sú að erfitt getur reynst að koma styrknum til skila eftir tígulopnun. Eða hvað ætti að segja við svari makkers á hjarta eða spaða? Eitt grand í þeirri stöðu sýnir 12-14 punkta, en þetta eru góðir 16. Ekki má heldur stökkva í tvö grönd því sú sögn sýnir 18-19 punkta. Skást væri að endurmelda tígulinn, en sú sögn er óþægilega víðfem í punktum, sýnir 12-16 HP.

**SPILAMENNSKAN**
Sagnhafi ætti að fá átta slagi í 1G. Suður spilar út laufdrottningu (kóngurinn myndi sýna þrjá af fjórum efstu og biðja um talningu). Norður kallar með tvistinum og sagnhafi gefur laufið tvisvar. Síðan fer sagnhafi inn í borð á háspaða og spilar tígli á gosann og drottningu Suðurs. Suður tekur fríslag á lauf og spilar spaða. Það er drepið og tígultíu svínað. Þannig fást fjórir slagir á tígul og átta í allt.

Niðurstaða: 1G í austur, 8 slagir. AV = 120

**Spil 15**
S/NS

| | | |
|---|---|---|
| | Norður<br>♠ 8<br>♥ G10976<br>♦ G65<br>♣ Á876 | |
| **Sagnhafi**<br>♠ G9642<br>♥ ÁD<br>♦ K32<br>♣ G43 | | Austur<br>♠ D1053<br>♥ 53<br>♦ ÁD4<br>♣ KD105 |
| | Suður<br>♠ ÁK7<br>♥ K842<br>♦ 10987<br>♣ 92 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | Pass |
| Pass | Pass | 1 ♣ | Pass |
| 1 ♠ | Pass | 2 ♠ | Pass |
| 4 ♠ | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**
Hækkun Austurs í 2♠ sýnir lágmarksopnun, 12-14 HP og fjórlit í spaða, en á móti pössuðum makker ætti Austur að eiga 13-14 HP. Því skellir Vestur sér í geim, þótt hann eigi strangt tekið að gefa áskorun.

**SPILAMENNSKAN**
Norður kemur út með hjartagosa og sagnhafi fær á drottninguna og spilar trompi. Suður tekur með spaðakóng og skiptir yfir í laufníu. Hann sér að eina von varnarinnar liggur í því að Norður sé með laufásinn, en þá má taka fjórða slaginn á laufstungu *ef* Norður *dúkkar* fyrsta laufslaginn! En getur Norður fundið þá vörn? Hugsanlega. Norður á að gera sér grein fyrir því að makker eigi tvo efstu í trompi (úr því að sagnhafi svínaði ekki). Með einspil í laufi, ætti Suður taka á trompásinn áður en hann spilar laufinu. En Suður tók *ekki* á trompásinn — ergó: hann á tvíspil í laufi! Nokkuð djúpt, en rökrétt.

Niðurstaða: 4♠ í vestur, 9 slagir. NS = 50

**Spil 16**
V/AV

| | Norður | |
|---|---|---|
| | ♠ 854 | |
| | ♥ ÁKD73 | |
| | ♦ 65 | |
| | ♣ 743 | |
| Vestur | | Austur |
| ♠ DG109 | | ♠ 762 |
| ♥ 82 | | ♥ G1095 |
| ♦ G93 | | ♦ D1042 |
| ♣ D1085 | | ♣ K6 |
| | **Sagnhafi** | |
| | ♠ ÁK3 | |
| | ♥ 64 | |
| | ♦ ÁK87 | |
| | ♣ ÁG92 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| Pass | Pass | Pass | 1 ♦ |
| Pass | 1 ♥ | Pass | 2 G |
| Pass | 3 ♥ | Pass | 3 G |
| Pass | Pass | Pass | |

**SAGNIR**
Suður segir frá 18-19 HP með stökki sínu í 2G. Hann getur átt þrílit í hjarta, og því endursegir Norður litinn sinn til að sýna fimmta spilið.

**SPILAMENNSKAN**
Út kemur spaðadrottning. Sagnhafi þarf aðeins fjóra slagi á hjarta til að vinna 3G og ætti því að tryggja samninginn með því að spila *litlu* hjarta frá báðum höndum í öðrum slag. Líkur á því að hjartað falli 3-3 eru aðeins 35.5%, en 4-2-legan er 48.5%.

Niðurstaða: 3G í suður, 9 slagir. NS = 400

## Annað sett — uppgjör: spil 9-16

| Nr | Gj. | Hættur | SAMNINGUR | Sh. | Sl. | NS | AV | + IMP - | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **9** | N | AV | | | | | | | |
| **10** | A | Allir | | | | | | | |
| **11** | S | Enginn | | | | | | | |
| **12** | V | NS | | | | | | | |
| **13** | N | Allir | | | | | | | |
| **14** | A | Enginn | | | | | | | |
| **15** | S | NS | | | | | | | |
| **16** | V | AV | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

| Nr | Gj. | Hættur | SAMNINGUR | Sh. | Sl. | NS | AV | + IMP - | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **9** | N | AV | Fjórir spaðar | N | 9 | | 50 | | |
| **10** | A | Allir | Þrjú grönd | A | 8 | 100 | | | |
| **11** | S | Enginn | Fimm tíglar | A | 11 | | 400 | | |
| **12** | V | NS | Fjögur hjörtu | V | 12 | | 480 | | |
| **13** | N | Allir | Fimm lauf | N | 11 | 600 | | | |
| **14** | A | Enginn | Eitt grand | A | 8 | | 120 | | |
| **15** | S | NS | Fjórir spaðar | V | 9 | 50 | | | |
| **16** | V | AV | Þrjú grönd | S | 9 | 400 | | | |
| | | | | | | | | | |

# IMP umbreytingartafla

| | | |
|---|---|---|
| 0-10 = 0 | 430-490 = 10 | 2250-2490 = 20 |
| 20-40 = 1 | 500-590 = 11 | 2500-2990 = 21 |
| 50-80 = 2 | 600-740 = 12 | 3000-3490 = 22 |
| 90-120 = 3 | 750-890 = 13 | 3500-3490 = 23 |
| 130-160 = 4 | 900-1090 = 14 | 4000+ = 24 |
| 170-210 = 5 | 1100-1290 = 15 | |
| 220-260 = 6 | 1300-1490 = 16 | |
| 270-310 = 7 | 1500-1740 = 17 | |
| 320-360 = 8 | 1750-1990 = 18 | |
| 370-420 = 9 | 2000-2240 = 19 | |

# Þriðja sett

## SPIL 17–24

Norður ________________________________

Suður ________________________________

Austur ________________________________

Vestur ________________________________

| Nr | Gj. | Hættur | SAMNINGUR | Sh. | Sl. | NS | AV | + IMP | - |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **17** | N | Enginn | | | | | | | |
| **18** | A | NS | | | | | | | |
| **19** | S | AV | | | | | | | |
| **20** | V | Allir | | | | | | | |
| **21** | N | NS | | | | | | | |
| **22** | A | AV | | | | | | | |
| **23** | S | Allir | | | | | | | |
| **24** | V | Enginn | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

**Spil 17**
N/Enginn

Norður
♠ **Á1093**
♥ **543**
♦ **K9873**
♣ **G**

Vestur
♠ **G86**
♥ **K109**
♦ **54**
♣ **ÁD1083**

Austur
♠ **KD72**
♥ **G62**
♦ **ÁG**
♣ **K752**

Suður
♠ **54**
♥ **ÁD87**
♦ **D1062**
♣ **964**

**Spil 18**
A/NS

Norður
♠ **97**
♥ **K32**
♦ **D93**
♣ **ÁD763**

Vestur
♠ **ÁKG10**
♥ **Á108**
♦ **G542**
♣ **K5**

Austur
♠ **D54**
♥ **DG9765**
♦ **K87**
♣ **8**

Suður
♠ **8632**
♥ **4**
♦ **Á106**
♣ **G10942**

**Spil 19**
S/AV

Norður
♠ **ÁD4**
♥ **ÁK1087**
♦ **G73**
♣ **D4**

Vestur
♠ **KG107653**
♥ **964**
♦ **6**
♣ **97**

Austur
♠ **2**
♥ **G532**
♦ **ÁKD854**
♣ **65**

Suður
♠ **98**
♥ **D**
♦ **1092**
♣ **ÁKG10832**

**Spil 20**
V/Allir

Norður
♠ **—**
♥ **ÁKD93**
♦ **8752**
♣ **Á853**

Vestur
♠ **DG84**
♥ **8764**
♦ **Á106**
♣ **94**

Austur
♠ **Á752**
♥ **52**
♦ **KDG943**
♣ **D**

Suður
♠ **K10963**
♥ **G10**
♦ **—**
♣ **KG10762**

**Spil 21**
N/NS

Norður
♠ **10965**
♥ **92**
♦ **ÁD9**
♣ **KD65**

Vestur
♠ **7**
♥ **KD108**
♦ **1052**
♣ **97432**

Austur
♠ **D3**
♥ **Á7654**
♦ **87643**
♣ **Á**

Suður
♠ **ÁKG842**
♥ **G3**
♦ **KG**
♣ **G108**

**Spil 22**
A/AV

Norður
♠ **9873**
♥ **G54**
♦ **10864**
♣ **93**

Vestur
♠ **G6**
♥ **ÁK9762**
♦ **G3**
♣ **1085**

Austur
♠ **KD1054**
♥ **D8**
♦ **ÁK97**
♣ **K2**

Suður
♠ **Á2**
♥ **103**
♦ **D52**
♣ **ÁDG764**

**Spil 23**
S/Allir

Norður
♠ **G653**
♥ **Á63**
♦ **7542**
♣ **D10**

Vestur
♠ **K7**
♥ **DG108**
♦ **983**
♣ **K872**

Austur
♠ **82**
♥ **954**
♦ **ÁG106**
♣ **G963**

Suður
♠ **ÁD1094**
♥ **K72**
♦ **KD**
♣ **Á54**

**Spil 24**
V/Enginn

Norður
♠ **1092**
♥ **432**
♦ **D**
♣ **G108532**

Vestur
♠ **8**
♥ **KD65**
♦ **Á87643**
♣ **K7**

Austur
♠ **D7543**
♥ **ÁG87**
♦ **5**
♣ **Á64**

Suður
♠ **ÁKG6**
♥ **109**
♦ **KG1092**
♣ **D9**

**Spil 17**. *Norður gefur; enginn á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 18**. *Austur gefur; NS á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 19**. *Suður gefur; AV á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 20**. *Vestur gefur; allir á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 21**. *Norður gefur; NS á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 22**. *Austur gefur; AV á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 23**. *Suður gefur; allir á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 24**. *Vestur gefur; enginn á hættu.*

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|

**Spil 17**
N/Enginn

| | | |
|---|---|---|
| | Norður<br>♠ Á1093<br>♥ 543<br>♦ K9873<br>♣ G | |
| Vestur<br>♠ G86<br>♥ K109<br>♦ 54<br>♣ ÁD1083 | | **Sagnhafi**<br>♠ KD72<br>♥ G62<br>♦ ÁG<br>♣ K752 |
| | Suður<br>♠ 54<br>♥ ÁD87<br>♦ D1062<br>♣ 964 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | Pass | 1 ♣ | Pass |
| 2 ♣ | Pass | 2 G | Pass |
| 3 ♣ | Pass | 3 G | Pass |
| Pass | Pass | | |

**SAGNIR**
Einföld hækkun á láglitaropnun er krafa í geim nema svarhönd segi þrjá í láglitnum í næstu sögn, sem sýnir þá 8-11 punkta. Endursögn Austurs á tveimur gröndum er oftast byggð á 12-14 punktum, en sögnin er krafa og því getur Austur verið sterkari. Hann þarf ekki að sýna spaðalitinn strax við 2♣, því Vestur myndi segja 3♠ með fjórlit og nóg í geim. En það opin spurning hvort Austur eigi að reyna 3G.

**SPILAMENNSKAN**
Hér veltur allt á útspili Suðurs. Með tígli út fara 3G tvo niður, en útspil í hjarta gefur sagnhafa bæði slag á litinn og tíma til að sækja tvo til viðbótar á spaða. Þá stendur spilið. Flestir reyndir spilarar myndu koma út með tígul, því þeim er illa við að spila frá ÁD í fjórlit. Sumir orða það svo, að ekki sé nauðsynlegt að fría ásana!

Niðurstaða: 3G í austur, 7 slagir. NS = 100

**Spil 18**
A/NS

| | | |
|---|---|---|
| | Norður<br>♠ 97<br>♥ K32<br>♦ D93<br>♣ ÁD763 | |
| Vestur<br>♠ ÁKG10<br>♥ Á108<br>♦ G542<br>♣ K5 | | **Sagnhafi**<br>♠ D54<br>♥ DG9765<br>♦ K87<br>♣ 8 |
| | Suður<br>♠ 8632<br>♥ 4<br>♦ Á106<br>♣ G10942 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | 2 ♥ | Pass |
| 4 ♥ | Pass | Pass | Pass |

**SAGNIR**
Vestur fer beint í geim eftir opnun Austurs á veikum tveimur í hjarta.

**SPILAMENNSKAN**
Suður byrjar á laufgosa og Norður tekur kóng blinds með ás og spilar drottningunni. Sagnhafi trompar og svínar strax fyrir hjartakóng. Norður er inni og verður nú að halda stillingu sinni. Ef hann freistast til að spila tígli, gæti Vestur hleypt á gosann. Og þá vinnst spilið, því einn tígull fer niður í fríspaða.

Spaði blinds er vissulega ógnvekjandi, en það er þó engin ástæða til að fara á taugum. Ef Norður telur slagi sóknarinnar kemur í ljós að sagnhafi á fjóra á spaða (með svíningu ef með þarf) og fimm á tromp. Samtals níu. Spilið vinnst alltaf ef Austur er með tígulásinn, en ef makker er með ásinn er best að bíða átekta og láta sagnhafa um að fara í litinn. Rétt er því að spila trompi til baka.

Niðurstaða: 4♥ í austur, 9 slagir. NS = 50

**Spil 19** **Sagnhafi**
S/AV

| | | |
|---|---|---|
| | ♠ ÁD4<br>♥ ÁK1087<br>♦ G73<br>♣ D4 | |
| Vestur<br>♠ KG107653<br>♥ 964<br>♦ 6<br>♣ 97 | | Austur<br>♠ 2<br>♥ G532<br>♦ ÁKD854<br>♣ 65 |
| | Suður<br>♠ 98<br>♥ D<br>♦ 1092<br>♣ ÁKG10832 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| — | — | — | 3 ♣ |
| Pass | 3 G | Pass | Pass |
| Pass | | | |

**SAGNIR**
Sumir spilarar hindra á mun veikari spil í stöðu Suðurs, jafnvel niður í eitthvað þessu líkt:

♠xx ♥x ♦xxx ♣G10xxxxx

Ástæðan er tvíþætt: Báðir mótherjar eiga eftir að tjá sig og auk þess eru hætturnar hagstæðar. Þess vegna er heldur óraunsætt af Norðri að reyna við 3G. Þrjú hjörtu er annar möguleiki, en pass er þó sennilega farsælast þegar til lengri tíma er litið. Passið gæti líka gefið óvænta uppskeru, því það er aldrei að vita nema Austur kjósi að berjast með 3♦. Vestur getur varla staðist mátið að segja 3♠ og þá eru AV komnir á krókinn.

**SPILAMENNSKAN**
Vörnin tekur fyrstu 6 slagina á tígul gegn 3G Norðurs, en ef AV spila tígul eða spaða, fá NS stóra tölu, því bæði 4♠ og 4♦ fara fjóra niður!

Niðurstaða: 3G í norður, 7 slagir. AV = 100

**Spil 20**
V/Allir

| | | |
|---|---|---|
| | **Sagnhafi**<br>♠ —<br>♥ ÁKD93<br>♦ 8752<br>♣ Á853 | |
